



Fundargerð

Fundur í fjallskilanevnd Reykhólahrepps
Mánudaginn 22. ágúst 2010, kl. 10:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Einar bauð fólk velkomið og var þá gengið til fundar.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Skipulag fjallskila 2011.

Fyrsta smalahelgi ákveðin 3. og 4. september í Djúpi, Kollafirði 10. september og Reykjanesið 16. – 19. september. Seinni leitir 1. og 2. október.

Leitir í Múlasveit. Stefnt að því að leita Bæjarnes, Svínarnes og Skálmardal 8. október. Einari Hafliðasyni falið að ræða við bændur í Múla og á Brjánslæk.

2. Gerð fjallskilaseðils.

Búfjártölur hafa ekki borist.

3. Fjárgrindur.

Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að fjárgrindur verði lagfærðar fyrir fjallskil 2011, einnig að lokagreiðsla vegna fjárgrinda verði felld niður vegna notkunar hreppsins á grindunum utan fjallskila.

Næsti fundur 26. ágúst 2011 kl. 13.00.

Fundargerð lesin, fundi slitið 11.15.

